



# Minnisblað

**Til:** Aflamarksnefndar Byggðastofnunar

**Frá:** Pétri Friðjónssyni, Reinhard Reynissyni og Sigurði Árnasyni

**Efni:** Úthlutun aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 20. febrúar sl. var samþykkt tillaga um að auglýsa eftir samstarfsaðilum á Flateyri um nýtingu á allt að 400 þorskígildistonnnum til næstu fimm fiskveiðiára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016.

## Auglýsing og umsóknir

Í samræmi við samþykkt stjórnar auglýsti stofnunin eftir umsóknum þann 24. febrúar sl. á heimasíðu sinni og auglýsing var einnig birt á bb.is. Umsóknarfrestur rann út á hádegi 14. mars 2025. Þrjár umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Ís 46 ehf., kt. 650603-3030 Hafnarbakka 6, 425 Flateyri og samstarfsaðila.
- Vestfisk Flateyri ehf., kt. 631219-4700, Hafnarbakka 5, 425 Flateyri og samstarfsaðilum.
- Walvis ehf., kt. 700415-0740, Grundarstíg 2, 425 Flateyri og Tjaldtanga ehf., kt. 420913-1250 Hafnarbakka 6, 425 Flateyri (sameiginleg umsókn).

## Mat umsókna

Umsóknir hafa verið yfirfarnar og metnar á grundvelli þeirra matsþátta sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðar nr. 643/2016, en þeir eru:

- Trúverðug áform um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.
- Fjölda heilsársstarfa sem skapast eða verður viðhaldið.
- Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.
- Öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.
- Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag.
- Traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjenda.

Umsóknir eru metnar í sérstöku matsskjali sem byggir á þeim matsþáttum sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar. Hámarksstigafjöldi hverrar umsóknar samkvæmt matsskjalinu er 100 stig. Matsskjalið fylgir minnisblaði þessu.



Í matsvinnunni var frekari upplýsinga aflað hjá umsækjendum og fóru starfsmenn m.a. vestur á Flateyri, skoðuðu starfsstöðvar umsækjenda og áttu fundi með þeim þar sem farið var yfir þá starfsemi sem er á þeirra vegum í dag. Þá var sérstaklega farið yfir það hvernig umsækjendur hygðust nýta umsótt aflamark til eflingar í rekstri sínum þannig að það leiddi til aukinnar byggðafestu á Flateyri.

Niðurstaða matsvinnunnar er eftirfarandi:

- Ís 47 ehf. ásamt samstarfsaðila
  - Heildarstigafjöldi **38,5 stig**
  - Sótt er um allt að 400 þorskígildistonn og skilgreint mótframlag er 400 þorskígildistonn
  - Viðhalda á 4 störfum á Flateyri og skapa 14 ný en óljóst hvernig þau skiptast milli Flateyrar og Hnífsdals en Hnífsdalur fellur ekki innan áhrifasvæðis verkefnisins skv. 1. gr. reglugerðar nr. 643/2016.
  - Aflamarksstaða skv. Fiskistofu er aðeins rúm 34 tonn í slægðu magni.
  - Veruleg óvissa ríkir um útgáfu frekari fiskeldisleyfa sem skapar mikla óvissu í rekstri félagsins og samstarfsaðila til framtíðar. Þá hafa félögin ekki gilt vinnsluleyfi á Flateyri en telja sig geta fengið það.
  - Gott samstarf hefur verið við samfélagið á Flateyri, m.a. Lýðskólann.
- Vestfiskur Flateyri ehf. ásamt samstarfsaðilum
  - Heildarstigafjöldi **57,9 stig**
  - Sótt er um allt að 400 þorskígildistonn og skilgreint mótframlag er 400 þorskígildistonn.
  - Viðhalda á 15-18 störfum á Flateyri auk 5-6 tímabundnum störfum í 3 mán. Þá styður verkefnið við 5-7 störf á Suðureyri. Skapa 2- 6 ný störf.
  - Aflamarksstaða umsækjanda og samstarfsaðila skv. Fiskistofu er 2.328 tonn í slægðu, þar af eru 720 tonn skráð á Flateyri.
  - Félagið verið í uppbyggingu í öðru en hefðbundinni fiskvinnslu, gengið þokkalega og er með sterka bakhjarla. Samstarfsaðili í veiðum (Flugalda ehf.) litlu landað á Flateyri.
  - Samstarf við Lýðskólann og stuðningur við hátíðir/viðburði í samfélaginu.
- Walvis ehf. og Tjaldtangi ehf.
  - Heildarstigafjöldi **60,2 stig**
  - Sótt um allt að 400 þorskígildistonn og skilgreint mótframlag 400 þorskígildistonn.
  - Viðhalda 4 störfum á Flateyri og skapa 12 störf í vinnslu og 4 á sjó.



- Aflamarksstaða umsækjanda (Tjaldtanga ehf.) skv. Fiskistofu er 694 tonn í slægðu, en þar af eru 576 tonn í rækju.
- Walvis rekið fiskvinnslu og fiskmarkað á Flateyri, áætla að vinna allt að 1.200 þorskígildistonn af bolfiski og hyggja á fjárfestingar í vinnsluhúsnæði. Tjaldtangi hefur nánast engu landað á Flateyri undanfarin tvö ár.
- Viðskipti við þjónustuaðila í byggðarlaginu.

Samkvæmt ofangreindu fengu umsóknir Vestfisks ehf. og sameiginleg umsókn Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf. álíka mörg stig. Báðir umsækjendur eru með starfsemi á Flateyri og er úthlutun til þeirra til þess fallin að styrkja starfsemi þeirra og þar með byggðafestu á Flateyri. Rök hníga því til þess að skipta því aflamarki sem er til ráðstöfunar jafnt á milli þessara aðila en hafna umsókn Ís 47 ehf. þar sem sú umsókn hlaut mun færri stig.

#### **Tillögur til afgreiðslu**

- Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Vestfisk Flateyri ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 200 þorskígildistönnum á grundvelli umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðiára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.
- Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf. um nýtingu á allt að 200 þorskígildistönnum á grundvelli sameiginlegra umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðiára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.
- Lagt er til að umsókn Ís 47 ehf. verði hafnað.

Sauðárkróki  
22. apríl 2025